

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbraf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/69
komudagur 12.11/69



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2004

Efni: Þingsályktunartillaga um stofnun atvinnuvegaráðuneytis

Stjórn Samtaka ferðapjónustunnar hefur rætt ofangreinda þingsályktunartillögu og telur hugmyndir flutningsmanna athyglisverðar.

Samtökin hafa lengi rætt um jafnrétti atvinnuveganna og eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að endurskoða Stjórnarráðið og fjölmargar undirstofnanir þess með tilliti til þess að vægi atvinnugreina hefur breyst mikið í áranna rás og nauðsynlegt sé að stjórnskipunin endurspegli núverandi stöðu.

Ferðapjónustan hefur vaxið mjög hratt og er orðin mikilvægur hlekkur í þjóðarbúskapnum og hafa samtökin því lagt mikla áhersla á að hún fái viðeigandi stöðu í stjórnkerfinu. Umræðum um þessi mál er því fagnað.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri